



Atvinnuleysi minnkar líkast til hratt þegar landið opnast



16/11/2020. Atvinnuleysi þokast líkast til upp á við meðan ferðamenn eru sendir í sóttkví við komuna til landsins, en það minnkar hratt eftir að landið opnast aftur. Þrennt stuðlar að því:

- Ekki er ástæða til að ætla annað en að ferðalög hefjist af krafti þegar ferðahömlur eru úr sögunni.
- Sumir þeirra sem áður unnu við ferðapjónustu sinna öðru eða eru farnir úr landi.
- Lækkun krónunnar ýtir undir eftirspurn eftir innlendri framleiðslu.

Gert er ráð fyrir að fallið verði í einu vettfangi frá kröfu um sóttkví í júlí 2021, en sjálfsgagt gæti það líka gerst í áföngum. Atvinnuleysi er skilgreint eins og hjá Hagstofu Íslands og erlendum hagstofum. Það jókst heldur árið 2019 og var þá 3-4%. Það er trúlega nærri því sem stundum er kallað náttúrulegt atvinnuleysi – það sem nægir til þess að halda aftur af verðbólgu. Árið 2020 hefur rúm 5% vinnuafis skort vinnu að jafnaði, en hér er gert ráð fyrir að hlutfallið verði að jafnaði um 7% á fyrri hluta árs 2021 og að það fari hæst í 9% í maímánuði. Lækkun krónunnar heldur aftur af atvinnuleysinu, en hún dugar ekki til. Gert er ráð fyrir að ársverðbólga þokist yfir efri vikmörk verðbólguþröskuls, 4%, um áramót og fari ekki undir þau mörk fyrr en eftir mitt ár 2021. Almenn laun hækka um leið og lægstu laun um áramót og mánuðina þar á eftir, en síðan dregur hratt úr launahækkunum. Kaupmáttur launa minnkar hægt, en vísbendingar eru um að húsnæðisverð haldi samt áfram að hækka hraðar en verðlag.




Hér er gert ráð fyrir að krónan styrkist þegar landið opnast og um leið dregur um sinn úr verðhækkunum. Raunar virðist gengið hafa styrkst strax við fréttir um lyf við farsóttinni. Gert er ráð fyrir að Seðlabankinn bregðist við með því að hækka meginvexti sína úr 1% í 2%.

Í líkaninu sem stuðst er við eru tvær ytri stærðir sem veruleg óvissa er um: Hvenær landið opnast og meginvextir Seðlabankans (vart þarf að taka fram að mikil óvissa eru um innri

breyturnar líka). Hér á eftir eru skoðuð áhrif þess í líkaninu að landið opnist í apríl.

Spá um atvinnuleysi ef landið opnast í apríl



Atvinnuleysi heldur áfram að aukast fram í maí vegna árstíðasveiflu, en það fer ekki eins hátt og hrapar líka hraðar niður í jafnvægi, sem er nálægt 4%. Verðbólgan minnkar fyrr, en helst áfram í 3-4%.

Líkanið

Spáin er úr líkani með fimm atferlisjöfnum, sem spá breytingum í verðbólgu, launum, gengi, húsnæðisverði og atvinnuleysi mánuð fyrir mánuð. Spár um gengi og húsnæðisverð eru óvissari en aðrar. Spáin ræðst af breytingum mánuðina á undan og fjarlægð frá langtímajafnvægi í hlutfalli verðlags hér og erlendis, hlutfalli meðallauna og lægstu launa, náttúrlegu atvinnuleysi og fleira.

Forsendur

Ytri stærðir í líkaninu eru meðal annars lágmarkslaun, meginvextir Seðlabanka, erlend verðbólga og lokun landsins fyrir ferðamönnum. Mest óvissa er um tvær: Seðlabankavexti og lokun landsins. Í aðalspánni er gert ráð fyrir að landið opnist um mitt ár 2021 og að þá hækki meginvextir úr 1% í 2%. Hugmyndin er að fólk geti með tíð og tíma sett sjálft inn gildi fyrir þessar breytur og gert eigin spár.

Tíðni

Hugmyndin er að endurnýja spána undir lok hvers mánaðar.